

Nr. 46/1895.

Árni Jónsson

gegn

Ó. F. Davíðssyni og skiptaráð-
andanum í Norður-Múlasýslu
A. V. Tulinius.

D ó m u r :

Með stefnu, útgefinni 4. októbermán. f. á., og samkvæmt konunglegu uppreisnarleyfi, útgefnu 3. s. m., hefir Árni læknir Jónsson á Vopnafirði áfrýjað til yfirdómsins skiptum á dánar- og þrotabúi J. Chr. Lilljendahls frá Austur-Skálanesi, er gjörð voru af skiptarjetti Norður-Múlasýslu 12. marzmán. f. á., svo og úrskurði skiptarjettarins uppkveðnum s. d., en með úrskurði þessum var skuldakröfu áfrýjanda til búsin, að upphæð 106 kr. 46 a., vísað á bug sem búinu óviðkomandi, að undanteknum 20 kr. af kröfuupphæðinni, sem skiptarjetturinn tók til greina sem forgangsskuld, og hefir áfrýjandi nú krafizt þess, að skiptagjörðin og úrskurðurinn verði úr gildi felld og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið til skipta að nýju, þannig að öll krafa áfrýjanda, 106 kr. 46 a., verði tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld, og að hinn stefndi, verzlunarstjóri Ó. F. Davíðsson, sem mótmælti kröfu áfrýjanda í skiptarjettinum, eða til vara skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu fyrir búsin hönd, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 100 kr. Hinir stefndu, verzlunarstjóri O. F. Davíðsson og skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, hafa

eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt þeim hafi verið löglega stefnt, og verður fyrir því að dæma mál þetta eptir hinum framlögðu máls-skjölum og gögnum samkvæmt N. L. 1—4—32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Skuldakrafa áfrýjanda til bús J. Chr. Lilljendahls er byggð á reikningi yfir meðul og læknishjálp, er hann hafði látið í tje sumpart Lilljendahl sjálfum, sumpart hjúi hans. Í úrskurði skiptarjettarins segir, að af skuldarupphæðinni sjeu 20 kr. fyrir læknishjálp (og meðul) til Lilljendahls, og er þessi hluti kröfunnar tekinn til greina sem forgangsskuld, en afgangurinn, 86 kr. 46 a., sje fyrir læknishjálp (og meðul) handa vinnuhjúi hans, og er þessum hluta kröfunnar hrundið af skiptarjettinum. Þessi sundurliðun skuldakröfunnar er í samhljóðun við skýrslu málsaðila fyrir skiptarjettinum, og verður órökstudd vefenging áfrýjanda fyrir yfirdóminum á því, að síðast talin upphæð, 86 kr. 46 a., stafi öll af kostnaði við læknishjálp handa vinnuhjúi Lilljendahls, eigi tekin til greina. Það verður þá þrætuspurningin í málinu, hvort áfrýjandi geti heimtað þessar 86 kr. 46 a., sem hann hefir látið vinnuhjúi Lilljendahls í tje í meðulum og með læknishjálp, endurgoldnar af dánarbúi Lilljendahls.

Eptir skýrslum málsins má álita það sannað, að Lilljendahl hafi bedið áfrýjandann að vitja hjús síns á heimili sínu í sjúkdómi þess og láta því í tje þau meðul, er það þarfnadist, án þess að hann hafi haft nokkurn fyrirvara um það við áfrýjanda,

að hann yrði að eiga við hjúð um borgunina. Þetta eitt var nægilegt til þess, að áfrýjandi hafði fullan rjett til að byggja á því, að hann ætti við Lilljendahl einan um borgunina fyrir hina veittu læknishjálp og meðul, á sama hátt og fyrir aðra læknishjálp og meðul, er hann veitti heimili hans, og það getur ekki haft neina þýðingu í þessu til-
 liti, þótt Lilljendahl hefði *gagnvart hjúinu* rjett til, samkvæmt vinnuhjúatilskipuninni, að krefjast þess, að það sjálft greiddi lækningarkostnaðinn, og gæti, ef það vantaði efni til þess, heimtað hann endurgoldinn af hlutaðeigandi sveitarsjóði. Þar sem nú ekkert hefir verið fundið að skuldarupphæðinni sjálfri og engin vefenging er fram komin um, að hún stafi frá þeim tíma, er skiptalögin til taka sem skilyrði fyrir forgöngurjetti skuldarinnar, þá bar að taka skuldina til greina við skiptin sem forgönguskuld samkvæmt 83. gr. c í skiptalögunum 12. apríl 1878. Það verður því að fella hinn áfrýjanda úrskurð og skiptagjörð úr gildi og skylda skiptaráðandann til að taka búið til skipta af nýju, þannig, að öll krafa áfrýjanda, kr. 106,46, verði tekin til greina sem forgangsskuld. Málskostnað fyrir yfirdóminum þykir rjett að hinn stefndi verzlunarstjóri O. F. Davíðsson greiði áfrýjandanum með 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi skiptarjettarúrskurður og skiptagjörð skulu úr gildi felld og skiptaráðandinn skyldur að taka búið til skipta að

nýju, þannig að krafa áfrýjanda öll, kr. 106,46, verði tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld samkvæmt framansögðu. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn stefndi, verzlunarstjóri Ó. F. Davíðsson, áfrýjandanum, Árna hjeraðslækni Jónssyni, 30 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marzmánaðar.

Nr. 49/1895.

Benónía Þiðriksdóttir
gegn
Jónasi Pálssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lög-reglurjetti Árnassýslu 13. marz. f. á. í barnsfad-ernislýsingarmáli Benóníu Þiðriksdóttur á hendur Jónasi Pálssyni, var dæmt rjett að vera: að svo framarlega sem hinn lýsti barnsfadur, Jónas Pálsson, ynni eið að því á varnarþingi sínu eptir löglegan undirbúning, að hann hefði ekki haft holdlegt samræði við áfrýjanda, Benóníu Þiðriksdóttur, á þeim tíma, að hann gæti verið fadur barns þess, sem hún ól 19. okt. 1894 og skírt var Þuríður, þá ætti hann að vera sýkn af kærum hennar og kröfum í þessu máli, en treysti hann sjer ekki til að vinna svo felldan eið, skyldi hann greiða árlegt meðlag með nefndu barni, þar til það væri orðið 16 ára gamalt, en háyfirvaldið ákvæði upphæð meðlagsins.